

### Spekingur vikunnar



1. Hvað heitir þú ? Þorsteinn.
2. Hvað ertu gamall ? 4 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni ? Nei.
  - a. Áttu fjölskyldu ? Já.
  - b. Hverjir eru í henni ?  
Þirgitta, Hekla, Hlöllli, Þóra og ég.
4. Hvað finnst þér gott að borða ? Hafragraut.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera ? Að róla.
  - a. Af hverju ? Bara. Geimveran mín er alltaf í henni.
  - b. Hvernig lítur hún út ? Ég sé hana aldrei.
  - c. Hvað heitir hún ? Yppir öxlum. Alex.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera ? Að vera uppi í geimnum hjá geimverunni minni.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera ? Köttur.
  - a. Af hverju ? Þá get ég hoppað svo langt. Eins og Rómeó.
  - b. Er það kötturinn þinn ? Já. Hann hoppaði einu sinni upp á þak.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn ? Hvítur og appelsínugulur.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna ? Rómeó.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór ? Smíður.
  - a. Hvað gerir smíður ? Smíðar.
  - b. Smíðar hvað ? Ég veit ekki, bara eitthvað. Pabbi minn smíðar oft hús.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag ? Í sund.
  - a. Hvað ætlarðu að gera þar ? Sýnda og kafa. Einu sinni gat ég ekki kafað, en nú kann ég það því ég er búin að vera á sundnámskeiði.
12. Af hverju er himininn blár ? Af því að hann er blár!

